

Fundargerð

Vinnufundur stýrihóps

Dags. fundar: 28-11-2019	Staðsetning: Egilsstaðir	Fundur settur: 13:30
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 16:00

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
X	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
X	Arnar Úlfarsson	Austurbrú
X	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
X	Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Alcoa Fjarðaál
X	Freyr Ævarsson	Fljótisdalshérað
X	Hjalti Jóhannesson	Rannsóknamiðstöð HA
X	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

Arnar Úlfarsson er nýr starfsmaður verkefnisins og hófst fundurinn á því að fundarmenn kynntu sig.

- Parfagreiðing fyrir nýja vefsíðu
 - Hugarflug um innihald og virkni nýrrar vefsíðu. Nokkrir vefir voru skoðaðir og ræddir kostir og gallar.
 - Mikilvægt er að vefurinn sé lifandi og gróf gagnvirk. Auðvelt þarf að vera að finna hrágögn og skýrslur.
 - Á vefnum verði sýnileg tengsl við Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.
 - Starfsmenn taka saman niðurstöður og hefja samband við fyrirtæki sem getur smíðað vef. Helst verði reynt að hefja vinnu við nýjan vef fyrir áramót.
- Ársfundur 2020
 - Fundurinn verði haldinn á Egilsstöðum síðustu vikuna í apríl eða í byrjun maí. Starfsmenn senda tillögur að dagsetningum.
 - Á fundinum verði sjónum beint að jafnréttis, og kynjamálum.
- Sóknaráætlun Austurlands
 - Skoðuð voru drög að nýrri sóknaráætlun Austurlands, sem kynnt voru í samráðsgátt í lok október. Þar eru skilgreindir mælikvarðar á sviði samfélags, umhverfis og efnahags og skarast sumir þeirra við Sjálfbærni verkefnið. Ekki vitað hvernig boðaðri vöktun verður háttáð, en þegar það liggur fyrir verður skoðað hvort óska eigi eftir samtali um vöktunina.

DÝS yfirgaf fundinn

- Sjálfbærni vísar
 - Forsendur fyrir vali á vísam
 - Í áfangaskýrslu um vísa og grunnástand frá apríl 2005 voru skilgreindar forsendur fyrir vali á vísam. Á sjálfbærni vefnum eru þessar forsendur birtar

ýmist óbreyttar, lítillega breyttar eða gjörbreyttar. Ákveðið að á vef skuli alltaf birta upphaflegu forsendurnar með tilvísun í skýrsluna og gera grein fyrir breytingum sem kunna að hafa verið gerðar ásamt dagsetningu.

- b. Flokkun vísa
 - i. Starfsmenn sýndu drög að endurskoðaðri flokkun vísa. Ljúka þarf endurskoðuninni áður en ný heimasíða er smíðuð.
5. Önnur mál
- a. Fyrir fundinum lágu framvinduskýrsla fyrir árið 2019 og áætlun fyrir árið 2020. Engar athugasemdir gerðar.

Fundi slitið kl. 16